

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Fundargerð Umdæmisstjórnar Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar haldinn að Bíldshöfða 12 í Reykjavík, laugardaginn 16. maí 2015 kl. 10:00

Dagskrá

- Fundur settur – kynning fundarmanna
- Umræður um skýrslur
- Gagnagrunnur KI
- Fjárhagsáætlun 2015-2016
- Matarhlé
- Fjárhagsuppgjör október 2014 – mars 2015
- Umdæmislög
- Aðsend bréf
- Önnur mál

Mættir: Gunnlaugur Gunnlaugsson umdæmisstjóri, Gunnsteinn Björnsson kjörumdæmisstjóri, Dröfn Sveinsdóttir fráfarandi umdæmisstjóri, Eyþór K. Einarsson umdæmisféhirðir, Tómas Sveinsson erlendur ritari, Ragnar Eggertsson svæðisstjóri Freyjusvæðis, Karin Jacobsen svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Ólafur Jónsson svæðisstjóri Óðinssvæðis, Magnús Eyjólfsson svæðisstjóri Ægissvæðis, Andrés Hjaltason formaður fræðslunefndar, Stefán Ragnar Jónsson tengiliður við fyrrverandi umdæmisstjóra og formaður útbreiðslu- og fjölgunarnefndar, Óskar Guðjónsson Upplýsinga- og blaðafulltrúi/ ritstjóri Kiwanisfrétta, Sigurgeir Aðalgeirsson formaður laganefndar, Ástbjörn Egilsson umsjónarmaður stífkrapaverkefnis og styrktarsjóðs Kiwanis, Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsnefndar, Hjördís Harðardóttir nefndarmaður í fjárhagsnefnd, Konráð Konráðsson tengiliður við gagnagrunn KI, Haukur Sveinbjörnsson verðandi kjörumdæmisstjóri, Jóhanna M. Einarsdóttir verðandi

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

umdæmisritari, Magnús Helgason verðandi umdæmisféhirðir og Kristján G. Jóhannsson umdæmisritari, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Ólafur P. Guðmundsson svæðisstjóri Sögusvæðis, Guðmundur Jóhannsson formaður þingnefndar.

1. Fundur settur – kynning fundarmanna.

Umdæmisstjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Í stað þess að fundarmenn kynntu sig kynnti umdæmisstjóri þá verðandi embættismenn, sem mættu á fundinn.

Umdæmisstjóri gerði grein fyrir starfi hreyfingarinnar undanfarna mánuði og fylgir skýrsla hans með fundargögnum.

2. Umræður um skýrslur

Fyrir fundinum lágu rafrænar skýrslur frá eftirtöldum: Umdæmisféhirði, umdæmisritara, formanni internetnefndar, svæðisstjóra Freyjusvæðis, svæðisstjóra Óðinssvæðis, svæðisstjóra Ægissvæðis, Upplýsinga- og blaðafulltrúa/ritstjóra Kiwanisfrétta, formanni þingnefndar, umsjónarmanni stífkrapaverkefnis, tengilið við gagnagrunn KI. Auk þess var dreift skýrslu svæðisstjóra Færeyjasvæðis.

Svæðisstjórar gerðu grein fyrir meginefni skýrslna sinna, þau Ragnar Eggertsson, Karin Jacobsen, Ólafur Jónsson og Magnús Eyjólfsson. Opnað var fyrir umræður um skýrslur svæðisstjóra og tóku til máls Kristján G. Jóhannsson umdæmisritari, Stefán R. Jónsson, Ástbjörn Egilsson og Andrés Hjaltason

Síðan var opnað fyrir umræður um aðrar skýrslur, sem lágu fyrir fundinum. Stefán R. Jónsson formaður fjölgunarnefndar gerði grein fyrir að 23 hefðu gengið til liðs við hreyfinguna en 41 hætt, þar munar mest um að klúbburinn Eldfell var lagður niður.

Skýrsla Stefáns fylgir með fundargögnum.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Óskar Guðjónsson tók til máls og ræddi skýrslu umdæmisritara og misvísanir. Ræddi hann skýrslu internetnefndar og gerði ýmsar athugasemdir við hana. Bauð hann Tómasi formanni internetnefndar pláss í næstu Kiwanisfréttum. Sagði að umfjöllun í Kiwanisfréttum væri ekki neikvæð gagnrýni á vefinn. Umdæmisritari skýrði út mismun á félagatali í upphafi árs og skýrslum klúbba.

Tómas Sveinsson las upp skýrslu þingnefndar í forföllum formanns þingnefndar og fylgir hún með fundargögnum.

Andrés Hjaltason formaður fræðslunefndar fór í nokkrum orðum yfir starf fræðslunefndar og greindi frá því að hann myndi skila skýrslu nefndarinnar til næsta umdæmisstjóra á fyrsta fundi nýrrar umdæmisstjórnar. Hann greindi frá því að vegna breytinga á gagnagrunni verður fræðsla fyrir ritara í Vestmannaeyjum og fengist hefur tölvuver til notkunar þar.

3. Gagnagrunnur KI

Konráð Konráðsson tengiliður við gagnagrunn KI greindi frá þeim breytingum, sem nú eru að verða á skráningu félagatala í gagnagrunn KI. Undanfarna fundi hefur hann greint frá því að breytingar séu framundan, en nú geti hann sagt að þetta hafi verið framkvæmt. Nú er búið að leggja niður séríslenska gagnagrunninn og nú er eingöngu notast við gagnagrunn KI og hafin er fræðsla embættismanna. Þeir félagar sem skráð hafa netfang í gagnagrunn geta sótt um aðgang að síðunni. Ritarar klúbba hafa beinan aðgang að félagatalinu og geta skoðað, breytt og eytt. Mánaðarskýrslum klúbba verður einnig skilað inn í gagnagrunninn á næsta starfsári.

4. Fjárhagsáætlun 2015-2016

Formaður fjárhagsnefndar, Arnór L. Pálsson lagði fram fjárhagsáætlun umdæmisins fyrir næsta starfsár. Samkvæmt henni er reiknað með 875 félögum og að árgjöld hækki um 400

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

kr. á milli ára. Tekjur eru alls áætlaðar kr 9.401.250 og gjöld sama upphæð. Magnús Helgason verðandi umdæmisféhirðir gerði athugasemdir við að ekki væri haft samráð við verðandi umdæmisféhirði um gerð áætlunarinnar og lagði hann fram nokkrar fyrirspurnir um ýmsa liði í áætluninni. Hjördís Harðardóttir nefndarmaður í Fjárhagsnefnd svaraði spurningum Magnúsar. Eyþór K. Einarsson umdæmisféhirðir fór yfir nokkra liði fjárhagsáætlunarinnar með tilliti til rauntalna á þessu starfsári. Magnús Eyjólfsson svæðisstjóri Ægissvæðis gerði athugasemd við kostnað vegna embættisins. Gunnsteinn Björnsson kjöruumdæmisstjóri og Jóhanna M. Einarsdóttir verðandi umdæmisritari gerður nokkrar athugasemdir við áætlunina. Hjördís Harðardóttir nefndarmaður í fjárhagsnefnd svaraði athugasemdum sem komu fram og mun fjárhagsnefnd skoða breytingar á áætluninni vegna athugasemda sem komið hafa fram. Ástbjörn Egilsson ræddi framkvæmd fjárhagsáætlunar og að það væri umdæmisþing, sem tæki ákvörðun um breytingar á forsendum áætlunar. Einnig ræddi hann um að kostnaður við húsnæðið þarf að vera borinn af allri hreyfingunni. Gunnsteinn tók aftur til máls og greindi frá því að hækkun kostnaðar við nefndir væri vegna nýrrar markaðsnefndar og einnig að aðalvandinn væri fækkun félaga, sem bera uppi kostnaðinn. Óskar Guðjónsson greindi frá því að fyrir heimsþingi liggi fyrir tillaga um að hækka erlendu gjöldin um USD 10 og það til viðbótar hækkun á innlendum gjöldum um 400 kr. er um verulega hækkun fyrir félaga að ræða. Eyþór nefndi einstaka liði, sem taka mætti til endurskoðunar. Ástbjörn Egilsson sagði að við værum komin á þau mörk í félagafjölda að það þurfi að skoða rekstur umdæmisins niður í kjölinn. Fjárhagsnefnd lagði fram breytingar á áætluninni og var samþykkt samhljóða að leggja hana þannig breytta fyrir umdæmisþing. Einnig var lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Kiwanisfréttir og reiknað er með að eitt blað verði prentað í stað tveggja og lækka þá gjöld vegna Kiwanisfrétta í 618 kr. pr félag. Samþykkt samhljóða að leggja áætlunina þannig fyrir umdæmisþing.

Konráð Konráðsson, Stefán Ragnar Jónsson og Arnór L. Pálsson viku af fundi.



5. Umdæmisög

Sigurgeir Aðalgeirsson formaður laganeftndar gerði grein fyrir því að Óskar Guðjónsson hefði unnið fyrir laganeftndina og sæi hann um að kynna það sem laganeftnd hefði fram að færa. Óskar Guðjónsson tók því næst til máls og sagði að lagaramminn frá KI væri um það bil hálfnaður í þýðingu og til að ljúka verkinu þyrfti umdæmisstjórn að taka afstöðu til nokkurra atriða. Var síðan farið yfir þau atriði og umdæmisstjórn samþykkti samhljóða að laganeftnd vinni tillögur að nýjum umdæmisögum á grundvelli umræðna á fundinum. Formaður laganeftndar Sigurgeir Aðalgeirsson gerði síðan grein fyrir álitni nefndarinnar á tillögu frá Óðinssvæði, sem vísað var til nefndarinnar. Niðurstaða laganeftndar er að gjaldfrelsi það sem tillaga var gerð um sé ekki heimilt skv. umdæmisögum.

Ástbjörn Egilsson vék af fundi.

6. Fjárhagsuppgjör október 2014- mars 2015

Umdæmisféhirðir Eyþór K. Einarsson lagði fram fjárhagsuppgjör fyrir fyrstu sex mánuði starfsársins, þ.e. frá 1. október 2014 til 31. mars 2015. Samkvæmt því eru tekjur 7,6 milljónir og gjöld 4,6 milljónir. Tekjurnar koma að mestu fyrri hluta starfsársins en útgjöld falla meira til síðari hluta þess.

7. Aðsend bréf

Þrjú bréf höfðu borist en umdæmisstjóra vísaði þeim til viðeigandi klúbba. Nokkur bréf hafa borist vegna hjálmaafhendingar og hefur umdæmisstjóra svarað þeim

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

8. Önnur mál

Tómas Sveinsson formaður internetnefndar gerði grein fyrir breytingum sem verið er að gera á heimasíðunni m.a. aðgangsstýrðum aðgangi embættismanna, sem bæta mun utanumhald gagna embættisins.

Umdæmisstjóri gerði grein fyrir því að hann hefði boðið forseta Keilis til umdæmisstjórnarfundarins til að gera grein fyrir hugmyndum sínum um breytingar á starfi Kiwanishreyfingarinnar. Hann gat ekki mætt á fundinn en sendi þess í stað nokkra punkta, sem umdæmisstjóri las upp.

Magnús Eyjólfsson svæðisstjóri Ægissvæðis lagði fram tillögu um að landsverkefnið Lífsvísir verði tekið upp að nýju. Umdæmisstjórn sendir tillöguna til laga- og ályktunarnefndar.

Eyþór K. Einarsson gerði grein fyrir því að fimm ungmenni færu á vegum umdæmisins í unglingabúðir í Tékklandi nú í sumar. Umdæmið greiðir fyrir fararstjóra og þátttökugjald unglinganna, en benti á að það væri ekki inn í fjárhagsáætlun.

Umdæmisstjóri ræddi um málefni Tryggingasjóðs Kiwanis og var niðurstaðan að hann sendi leiðbeiningar til klúbba um að hægt sé að fella niður félagsgjald til klúbbsins fyrir eldri félagar en þeir séu áfram Kiwanisfélagar og í Tryggingasjóðnum. Andrés Hjaltason nefndi að hægt væri styrkja eldri félagar úr styrktarsjóði. Ragnar Eggertsson svæðisstjóri greindi frá því að um nokkurra ára skeið hefðu félagar eldri en 70 ára fengið afslátt af félagsgjaldi, en nú er verið að afnema það sökum þess hversu margir eru komnir á þann aldur.

Ólafur Jónsson svæðisstjóri Óðinssvæðis greindi frá því að hann hafi setið svæðisráðstefnu Sögusvæðis og var þar gerð athugasemd við framkvæmd með fyrirmyndarklúbba. Hann vildi einnig þakka öllum fyrir aðstoðina við Kiwanishátíðina á Glerártorgi.

Hjördís Harðardóttir nefndarmaður í fjölgunarnefnd KIEF gerði grein fyrir ungliðaklúbbum sem víða er verið að stofna í Evrópu og eru meðal annars haldnir skype fundur og virðist þetta lofa góðu. Hefur ekki virkað nógu vel hjá okkur hér.

Gunnsteinn Björnsson kjörumdæmisstjóri greindi frá því að vel gengi að fá nefndarformenn næsta starfsár og það klárast á næstu vikum. Formaður K-dagsnefndar verður Gylfi

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Ingvarsson. Gunnsteinn sagðist hlakka til verkefnisins, en vissi að það yrði bæði strembið og líka gaman.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30

Kristján G. Jóhannsson umdæmisritari

